



Fundargerð stjórnar

8. fundur

Miðvikudaginn 14. mars 2007 var símafundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins og hófst fundur kl 13.30. Á símafundinum voru stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson. Auk þeirra var á fundinum Gunnar Svavarsson hjá Línuhönnun.

Fundurinn var óformlegur og voru eftirfarandi málefni tekin fyrir.

1. Skýrsla Línuhönnunar um valkosti í urðunarmálum.

Þátttakendur í fundinum höfðu haft til skoðunar skýrslu Gunnars Svavarssonar hjá Línuhönnun sem ber heitið “Staðan í urðunarmálum Norðurár bs. Farið var yfir athugasemdir og umræður um skýrsluna. Einnig skýrði Gunnar nánar þær forsendur sem hann gekk út frá við mat á valkostum í urðunarmálum. Talsvert miklar umræður urðu um málið og skýrsluna en niðurstaða stjórnar var að leggja hana fram til kynningar á ársfundi byggðasamlagsins. Samþykkt að kanna betur nokkrar forsendur og var Gunnari Braga og Magnúsi falið að leita upplýsinga um forsendur samninga við landeigendur í nágrenni Draugagils við Blönduós.

2. Ársfundur.

Tekin var til umfjöllunar undirbúningur ársfundar. Fram kom að Gunnar Bragi hefur óskað eftir við skrifstofu sveitarfélagsins Skagafjarðar að ársreikningur verði frágengin fyrir ársfundinn. Gunnar Svavarsson samþykkti að hafa kynningu á þeirri vinnu sem hann hefur unnið fyrir Norðurá bs. Einnig var rætt um að fá fulltrúa UST til að hafa kynningu á sjónarmiðum stofnunarinnar á fundinum og tók Magnús að sér að hafa samband við UST vegna þess. Samþykkt að halda fund miðvikudaginn 28. mars 2007 kl 15.00 í hótél Varmahlíð.

Svohljóðandi tillaga að dagskrá var samþykkt:

- i. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
- ii. Skýrsla stjórnar
- iii. Ársreikningar 2006
- iv. Svæðisáætlun um eyðingu sorps
- v. Skýrslu Línuhönnunar um stöðu urðunarmála
- vi. Þróun sorpeyðingarmála – fulltrúi UST
- vii. Tillaga stjórnar að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins.
- viii. Kosning stjórnar.
- ix. Önnur mál.

3. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að halda næsta fund á Sauðárkróki miðvikudaginn 21. mars nk. kl 10.00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 14.30

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson